

Bolafjall – áfangastaður

Skipulagstillaga til kynningar.

4. mars 2021



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

í _____ þann _____ 20__

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.



LANDMÓTUN.

Greinargerðinni fylgir uppdráttur dagsettur 4. mars 2021.

1	INNGANGUR	6
1.1	Tilgangur og markmið	6
2	SKIPULAGSSVÆÐIÐ	7
2.1	Staðhættir	7
2.2	Eignarhald á landi	7
2.3	Náttúrufar	7
2.3.1	Jarðfræði	8
2.3.2	Gróðurfar og dýralíf	8
2.3.3	Veðurfar	8
2.3.4	Ferðamenn og gestagangur	9
3	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	9
3.1	Aðalskipulag Bolungarvíkur	9
3.2	Ferðamálaáætlun 2011-2020	12
3.3	Áfangastaðaáætlun Vestfjarða	12
3.4	Lög um varnar- og öryggissvæði	12
4	SKIPULAGSSKILMÁLAR	12
4.1	Aðkoma	12
4.2	Bílastæði	12

4.3	Byggingarreitur	13
4.4	Göngustígar, merkingar og skilti	13
4.5	Útsýnispallur	13
4.6	Útsýnisstaðir	13
4.7	Öryggissvæði	13
4.8	Þyrlupallur	13
4.9	Veitur	14
5	ÁFANGASKIPTING	14
6	UMHVERFISÁHRIF	14
	HEIMILDIR	15


1 INNGANGUR

Deiliskipulagssvæðið er á Bolafjalli í um 600 m y.s. og er um 38 ha að flatarmáli. Í Aðalskipulagi Bolungarvíkur er svæðið að stærstum hluta skilgreint sem óbyggt svæði og hluti þess undir vatnsvernd, fjarsvæði. Einnig eru um 11,5 ha svæði skilgreint með blandaða landnotkun (B2), þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði þar sem gefið er svigrúm til uppbyggingar, s.s. útsýnispalla við fjallsbrún, bílastæða, þjónustuhúss, afþreyingar, veitinga- og safnareksturs, gistingar auk núverandi notkunar. Innan þessa 11,5 ha svæðis er einnig lóð ratsjár- og fjarskiptastöðvar Atlantshafsbandalagsins sem rekin er af Landhelgisgæslu Íslands og skilgreind er sem öryggissvæði. Aðkoma að deiliskipulagssvæðinu er eftir núverandi vegi frá Skálavíkurvegi (630) við Hærrikross og liggur að núverandi bílastæði og að ratsjár- og fjarskiptastöðinni.

Hér er unnið sameiginlegt deiliskipulag fyrir Bolungarvíkurkaupstað og Utanríkisráðuneytið sem fara með skipulagsvaldið innan marka deiliskipulagsins, sjá skiptingu á mynd 1.

1.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur deiliskipulagsins er að móta heildstætt skipulag fyrir áfangastað á Bolafjalli sem miðar að því að vernda sérstöðu og viðkvæmni svæðisins en gefa um leið einstaka upplifun í nálægð við náttúruöflin. Staðsetning og lega útsýnispalla, göngustíga og bílastæða er skilgreind með áherslu á öryggi og gott aðgengi. Einnig verða svæði innan deiliskipulagssvæðisins afmörkuð og skilgreind eftir nýtingu þeirra og vernd s.s. vatnsvernd, lóð undir verslun- og þjónustu, lóð ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar og öryggissvæði.



Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið markað með rauðri brotalínu, gula svæðið er umráðasvæði Utanríkisráðuneytisins, bláa svæðið er svæði Bolungarvíkurkaupstaðar.

2 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

2.1 Staðhættir

Bolafjall er ofan Bolungarvíkur, yst við Ísafjarðardjúp og það svæði sem deiliskipulagið tekur til er um 38 ha að flatarmáli á hæsta hluta Bolafjalls í um 600 m y.s. Svæðið sem Utanríkisráðuneytið fer með skipulagsvaldið er um 8 ha og land Bolungarvíkurkaupstaðar 30 ha.

Bolafjall eins og mörg önnur fjöll á Vestfjörðum er þverhnipt sjávarbjarg með flatan koll þar sem dýralíf einkennist einna helst af sjófugli en sjófuglabyggð er vestast á fjallinu í Kerlingu.



Mynd 2. Ratsjástöðin á Bolafjalli, höf. Bolungarvíkurkaupstaður.

2.2 Eignarhald á landi

Landið sem deiliskipulagið nær yfir er í eigu Bolungarvíkurkaupstaðar en innan deiliskipulagssvæðisins er ratsjár- og fjarskiptastöð Atlantshafsbandalagsins sem rekin er af Landhelgisgæslu Íslands en um hana er afmarkað öryggissvæði sem sýnt er á deiliskipulagsupprætti.


2.3 Náttúrufar

Umfjöllun hér á eftir um grunnástand umhverfis er hluti af forsenduöflun fyrir greinargerð deiliskipulagsins. Við gerð deiliskipulags verður stuðst við fyrirbyggjandi

gögn og úttektir á svæðinu er kemur að náttúrufari, svo sem gróðurfari, dýralífi, landslagi og jarðfræði.

2.3.1 Jarðfræði

Berggrunnurinn er basalhraunlög eins og á Vestfjörðum öllum, basískt og ísúrt gosberg og setlög frá mið-míósen, eldra en 11 m. ára, og á milli þeirra eru rauðleit setlög með gróðurleifum, sjá mynd 3.




Mynd 4. Vistgerðir og fuglasvæði á Bolafjalli. deiliskipulagssvæðið markað rauðum hring og sjófuglabýggð skástrikað, (Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands).

2.3.2 Gróðurfar og dýralíf

Yfirborð svæðisins er mjög hrjóstrugt, einkennist af melum, sandlendi og mosaflákum. Á korti Náttúrufræðistofnunar Íslands, vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, má sjá að mosamelavist og urðarskriðuvist einkenna það svæði sem deiliskipulagið nær til. Dýralíf á Bolafjalli einkennist af sjófugli en sjófuglabýggð er við Kerlingu milli Skálavíkur og Stigahlíðar sem er í um 3-5 km fjarlægð, sjá skástrikaðan reit á mynd 4, frá deiliskipulagssvæðinu. Hlíðin við deiliskipulagssvæðið er ekki skilgreind sem sjófuglabýggð. Gönguleiðir verða ekki skilgreindar að fuglabýggðinni og hefur skipulagið ekki áhrif á fuglabýggðina.

2.3.3 Veðurfar

Nokkuð vindasamt er á fjallinu og samkvæmt vindatlas Veðurstofu Íslands eru austan og norðaustanátt (A -NA) ríkjandi á svæðinu, sjá mynd 5. Á vetrum geta myndast hengjur og ísing við bergbrúnina en ekki mikil snjósöfnun efst á flatanum.



Mynd 5. Vindatlas Veðurstofu Íslands sem gefur hugmynd um vinarfar á svæðinu.



Mynd 6. Bolafjall í vetrarbúningi.


2.3.4 Ferðamenn og gestagangur

Bolafjall er vinsæll áningarstaður enda víðsýnt af fjallinu. Ekki hafa verið gerðar talningar en til viðmiðunar er hægt að horfa á tölur t.d. frá öðrum ferðamannasvæðum á Vestfjörðum s.s. Dynjanda og Látrabjargi. Einnig má hafa til hliðsjónar þann fjölda ferðamanna sem koma með skemmtiferðaskipum og leggjast að bryggju á Ísafirði en áætla má að hluti þeirra muni leggja leið sína á Bolafjall.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Hér verður farið yfir tengsl deiliskipulagsins við aðrar áætlanir og helstu stefnumið þeirra áætlana. Ekki hefur verið unnið deiliskipulag á svæðinu áður.

3.1 Aðalskipulag Bolungarvíkur



Mynd 7. Hluti af Aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020, staðsetning deiliskipulagssvæðisins sýnd með rauðum hring.

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2006-2020 var staðfest af ráðherra þann 2. maí 2011, staðfest var breyting á aðalskipulaginu þann 2.7.2020. Í aðalskipulaginu er deiliskipulagssvæðið að stórum hluta skilgreint sem óbyggt svæði, fjarsvæði vatnsverndar nær lítilega inn á svæðið en er þó ekki innan framkvæmdasvæðis og um 11 ha svæði er skilgreint með blandaða landnotkun (B2), þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði.

Í aðalskipulaginu segir í kafla 6 Óbyggt svæði:

Óbyggt svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Til óbyggðra svæða telst

hálendi sveitarfélagsins og önnur afskekkt svæði eða svæði þar sem mannvirkjagerð er ekki fyrirhuguð.

Í greinargerð með markmiðum fyrir óbyggð svæði segir m.a;

Verndarmarkmið aðalskipulagsins, sem sett eru fram í kaflanum um náttúru, kveða m.a. á um sjálfbæra nýtingu auðlinda, aðgengi að náttúru, verndun sérkenna, líffræðilegrar fjölbreytni og landslags.

Vatnsverndarsvæði er skilgreint á skipulagsupprætti aðalskipulagsins og innan þess eru skilgreind tvö brunnsvæði. Það svæði sem fellur undir skilgreininguna vatnsverndarsvæði, brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, er um 781,7 ha að flatarmáli. Í gildandi aðalskipulagi, kafla 5 Vatn, loft og hljóð, eru sett fram skilyrði varðandi framkvæmdir og umgengni innan vatnsverndarsvæða samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 m.s.br.

Vatnasvið vatnsbóla

I. flokkur. Brunnsvæði

Brunnsvæði er næsta nágreppi vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

II. flokkur. Grannsvæði

Á grannsvæði er notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

III. flokkur. Fjarsvæði

Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrri slíks efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.



Mynd 8. Horft eftir veginum að ratsjástöðinni. Mynd: Bolungarvíkurkaupstaður.

Í markmiðum kafla 5 kemur m.a. fram;


— Íbúar Bolungarvíkur búi við heilnæmt vatn, til neyslu og annarra nytja, samkvæmt ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Svæði B2 er skilgreint með blandaða landnotkun, þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði. Á því svæði sem fellur undir þjónustustofnun er ratsjár- og fjarskiptastöð sem er á höndum Landhelgisgæslunnar. Í töflu 11.4 Fjarskipti í aðalskipulaginu eru sett ákvæði um svæðið og þar segir;

Möguleiki fyrir áframhaldandi notkun ratsjár- og fjarskiptastöðvar og uppbyggingu fjarskiptabúnaðar. Nýting skal samræmast almennum verndarmarkmiðum aðalskipulagsins og ákvæðum um vatnsvernd en svæðið er í nágrenni við vatnsverndarsvæði, sbr. kafla 5 Vatn, loft og hljóð. Svigrúm er einnig til uppbyggingar ferðaþjónustu sbr. töflu 8.4. Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu. Taka skal tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar, í samráði við utanríkisráðuneytið.

Í ákvæðum er varða verslunar- og þjónustuhluta svæðisins segir í töflu 8.4 Landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu m.s.br.;

Svigrúm til uppbyggingar þjónustu, s.s. útsýnispalla við fjallsbrún, bílastæða, þjónustuhúss, afþreyingar, veitinga- og safnareksturs, gistingar auk núverandi notkunar sbr. töflu 11.4 Fjarskipti. Taka skal tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar, í samráði við þá stofnun sem rekur stöðina, sbr. kafla 11.2.3. Fjarskipti. Almenn umferð og starfsemi er ekki heimiluð innan 100 m fjarlægðar frá ratsjárstöðinni. Sameiginleg aðkoma fyrir alla starfsemi á Bolafjalli er um núverandi veg upp á fjallið að Skálavíkurheiði. Tryggja skal að uppbygging ferðaþjónustu raski ekki starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar m.t.t. öryggis- og varnarmála og flugöryggis. Sérstaklega skal huga að öryggi ferðamanna og jafnframt lágmarka hættu á heilsufarslegum áhrifum frá ratsjárstöðinni á starfsmenn og gesti. Hugla skal að aðgengi fyrir alla að mannvirkjum fyrir ferðaþjónustu og gönguleiðum. Forðast skal röskun á búsvæðum fugla í Stighlíð vegna uppbyggingar ferðaþjónustu. Nýting skal samræmast almennum



Mynd 9: 100 m fjarlægðarradíus frá ratsjárstöðinni.

verndarmarkmiðum aðalskipulagsins og ákvæðum um vatnsvernd en svæðið er í nágrenni við vatnsverndarsvæði, sbr. kafla 5 Vatn, loft og hljóð.

Markmið aðalskipulagsins í kafla 12.1 Göngu- og hjólaeiðir eru m.a. ;

— Fyrirkomulag gönguleiða virki hvetjandi fyrir íbúa sveitarfélagsins til að stunda útivist og holla hreyfingu.

— Gönguleiðir verði aðlaðandi og í sem heilsusamlegustu umhverfi.

— Ávallt verði hugað að aðgengi fyrir alla.

Sértök áhersla er lögð á að bæta aðgengi að fjörum, vötnum, fjalllendi og vinsælum útivistar- og ferðamannastöðum, með nýlagningu stíga eða merkingu leiða eftir því sem við á.

3.2 Ferðamálaáætlun 2011-2020

Ferðamálaáætlun 2011-2020 var samþykkt á Alþingi í júní 2011. Þar eru sett fram fjögur meginmarkmið:

1. Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar
2. Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið
3. Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar
4. Að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu greiningar- og rannsóknarstarfi

3.3 Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Markaðsstofa Vestfjarða vann í samvinnu við Ferðamálastofu Áfangastaðaáætlun Vestfjarða sem birt var 2018. Þar er markmiðið að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélaga, um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki.

Í aðgerðaráætlun, norðursvæði kemur fram að Bolafjall er talsvert heimsótt af ferðamönnum og lögð er til heildarskipulagning Bolafjalls sem áfangastaðar.

Í kafla 6 Mælikvarðar, eru dregnir saman sérstaklega mælikvarðar fyrir hvert verkefni og tímarammi þar segir um Bolafjall:

- a. Aukið aðgengi
- b. Uppbygging þjónustuhúss
- c. Aukið öryggi.

Tímarammi er settur 2018-2021.

3.4 Lög um varnar- og öryggissvæði

Innan deiliskipulagssvæðisins er öryggissvæði ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli en í skipulagsreglugerð nr. 90/123 segir um varnar- og öryggissvæði; *Svæði innan sveitarfélags þar sem ráðherra sem fer með málefni varnar- og öryggissvæða fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála, sbr. 8. gr. skipulagslaga.*

Í 1. mgr. 62. gr. laga nr 160/2010 um mannvirki segir; *Ráðherra er fer með málefni varnar- og öryggissvæða] fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á varnar- og öryggissvæðum eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 34/2008, sbr. og lög nr. 110/1951, og lögum nr. 176/2006 eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu.*

Samkvæmt 62. gr. sömu laga segir um mannvirki, að Mannvirkjastofnun í umboði utanríkisráðherra gefi út byggingar- og framkvæmdaleyfi innan öryggissvæða.

4 SKIPULAGSSKILMÁLAR

4.1 Aðkoma

Aðkoma verður eftir núverandi vegi frá Skálavíkurvegi (630) við Hærrikross og liggur að ratsjár- og fjarskiptastöð Atlantshafsbandalagsins. Vegurinn sem hlykkjast upp fjallið að ratsjárstöðinni er um 3,5 km að lengd og er innan öryggissvæðis.

4.2 Bílastæði

Gert er ráð fyrir um 30 bílastæðum og þremur rútustæðum. Bílastæði eru sýnd til viðmiðunar á skipulagsuppdrætti en áætlað er að um hringakstur verði að ræða og byggingarreitur undir þjónustuhús skilgreindur í miðju þess. Bílastæði skulu afmörkuð og skermuð af með lágum hleðsluveggjum.

4.3 Byggingarreitur

Skilgreindir eru tveir byggingarreitir innan deiliskipulagssvæðisins innan bílastæðareits og innan lóðar Ratsjárstöðvarinnar.

Á byggingarreit innan bílastæðisreits er heimilt að reisa mannvirki fyrir almenna verslun- og þjónustu við ferðamenn auk upplýsingastöðvar.

Um uppbyggingu á byggingarreitnum gilda eftirfarandi skilmálar:

- Heimilt er að reisa allt að 80 m² þjónustuhús.
- Hámarks hæð í mæni 5,5 m frá aðkomuhæð.
- Byggingarefni má ekki valda truflun á rekstri ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar.
- Þær hliðar og þak er snúa að eða eru í sjónlínu frá ratsjár- og fjarskiptastöðinni skulu vera speglunarfrjár.
- Þak skal vera einhalla og halla niður í átt að bjargbrún.
- Þakkantur má ganga allt að 1 m út fyrir byggingarreit.
- Ekki er heimilt að hafa fastan fjarskiptabúnað á þjónustuhúsinu.

Áður en byggingarleyfi verður gefið út þarf Landhelgisgæslan að fá upplýsingar um hæð, staðsetningu, halla þaks, efnisgerð húss og mannvirkja o.fl. til að skoða nákvæmlega áhrif á ratsjár- og fjarskiptakerfið.

Innan byggingarreits innan Ratsjárstöðvar er heimilt að viðhalda húsum og byggja við allt að 400 m² sem samræmist rekstri ratsjár- og fjarskiptastöðvar.

4.4 Göngustígar, merkingar og skilti

Göngustígar eru skilgreindir á skipulagsupprætti en lega þeirra er til viðmiðunar. Göngustígar skulu falla sem best að núverandi landi. Megin stígur, 3 m breiður, liggur frá bílastæði og þjónustuhúsi að útsýnispalli. Möguleiki er gefinn á að leggja hann í hringleið og þá vestari leiðin með minni halla (6%) en sú eystri sem væri þá hugsuð sem aðgengi fyrir alla. Aðrir stígar eru 2 m breiðir og liggja að öðrum útsýnisstöðum. Við upphaf gönguleiða við bílastæði verður afmarkað svæði fyrir skilti og önnur götugögn s.s. bekkir og borð.

Í hönnun skal leitast við að fella stíg vel að landi og tryggja að aðgengi verði gott

4.5 Útsýnispallur

Útsýnispallur á Bolafjalli liggur meðfram klettabrúninni. Megin stígur liggur frá bílastæði að pallinum en pallurinn er um 200 m², með öryggishandriði þar sem hægt er að ganga fram af brúninni og upplifa fjallshlíðar Bolafjalls í 600 m hæð. Efnisval útsýnispalla, útsýnisstaða og palla við byggingar skulu vera samræmd.

4.6 Útsýnisstaðir

Gert er ráð fyrir fjórum útsýnisstöðum en þeir eru við Miðleitisgjá, Hvíldarsteins, Djúpadals og við Stigahlið. Minni göngustígar liggja að þessum útsýnisstöðum. Efnisval útsýnisstaða, útsýnispalls, og palla við byggingar skulu vera samræmd.

4.7 Öryggissvæði

Innan deiliskipulagssvæðisins er ratsjár- og fjarskiptastöð Atlantshafsbandalagsins sem rekin er af Landhelgisgæslu Íslands en um hana er afmarkað öryggissvæði sem sýnt er á deiliskipulagsupprætti.

Utanríkisráðuneytið fer mið skipulagsmál öryggissvæða skv. 3. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Taka skal tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvar við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar, í samráði við þá stofnun sem rekur stöðina.

4.8 Þýrlupallur

Innan öryggissvæðis er núverandi þýrlupallur, merktur H á deiliskipulagsupprætti. Þýrlupallurinn er afmarkaður um 1870 m². Staðsetning og framkvæmd þýrlupalls skal taka mið af gildandi lögum og reglugerðum sem varða nýtingu hans.

4.9 Veitur

Vegna viðkvæmni svæðisins gilda eftirfarandi skilmálar um veitukerfi:

- Salerni skulu vera þurrsalerni og vera á ábyrgð framkvæmdaraðila/rekstraraðila.
- Vatnsöflun skal vera á hendi framkvæmdaraðila og skal neysluvatn vera samkvæmt þeim skilyrðum sem koma fram í reglugerð nr. 536/2001.

5 ÁFANGASKIPTING

Verkefninu verður skipt í nokkra áfanga sem verða eftirfarandi.

- Í fyrsta áfanga er útsýnispallur
- Í öðrum áfanga ljúka við bílastæði og göngutenging að palli.
- Í þriðja áfanga þjónustuhús.

6 UMHVERFISÁHRIF

Umhverfisáhrif skipulagsins eru talin vera jákvæð. Skipulagið hefur jákvæð áhrif á samfélag þar sem með þessu er verið að opna nýjan áhugaverðan áfangastað ferðamanna á Vestfjörðum sem dregur að sér aukinn fjölda ferðamanna til Bolungarvíkur, sem er í samræmi við stefnu bæjarins að um eflingu þjónustu. Þarna verður til áhugaverður valmöguleiki fyrir m.a. gesti skemmtiferðaskipa sem koma til Ísafjarðar. Áhrif skipulagsins á náttúru eru óveruleg, uppbygging er vel fyrir utan fuglabjarg.

HEIMILDIR

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2006-2020.

Ferðamálaáætlun 2011-2020.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Lög nr. 160/2010 um mannvirki

Lög nr 34/2008 um varnarmál.

Lög nr. 20/2006 um vatnalög.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 176/2006 um ráðstafanir í kjölfar samning við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Lög nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands.